

Minnisblað vegna fundar með Fjárlaganefnd Alþingis

Dags.: 2. nóvember 2022

Efni: Þættir sem þarfnast skoðunar vegna rekstrarvanda sjúkrahússins

Eins og fram hefur komið í viðræðum og minnisblöðum er fjárhagsstaða SAK slæm sem hefur áhrif á rekstur og möguleika til þróunar starfsemi. Mikið álag hefur verið á starfsfólki og greinileg hættumerki hjá öllum faghópum sem bregðast þarf við (langþreyta, veikindi og mannekla). SAK, sem varasjúkrahús LSH, er með mikilvægt hlutverk og mikilvægt að styrkja getu sjúkrahússins til að bregðast við álagi og aukinni þjónustupörf.

Þörf er á fjármagni til leiðréttingar rekstrargrunns að upphæð **560 mkr.** sem skýrist með því að útkomuspá 2022 gerir ráð fyrir neikvæðum frávikum frá fjárheimildum að upphæð 457 mkr. (þegar búið er að bæta Covid-19 kostnað) og auka þarf viðhaldsframkvæmdir um liðlega 100 mkr. en sökum rekstrarvandans hefur stofnunin dregið úr viðhaldi um rösklega 100 mkr. undanfarin ár. Til samanburðar var rekstrarvandi SAK árið 2021 um 500 mkr. Helstu ástæður rekstrarvandans eru eftirfarandi:

- ✓ Aukning í veikindum sem veldur því að stöðugildum vegna veikinda lengur en viku fjölgaði um 9,9 frá 2015 - kostnaður **151 mkr.** á verðlagi ársins 2022.
- ✓ Aukning í stöðugildum læknanema, sérnámsgrunnslækna og sérnámslækna en þeim hefur fjölgað um 10,1 frá 2015 og er það tilkomið vegna breytinga á fyrirkomulagi sérnámslækna - kostnaður **219 mkr.** á verðlagi ársins 2022.
- ✓ Lyfjakostnaður, annar en leyfiskyld lyf, hefur aukist (verðhækkanir, aukin starfsemi) umfram hækkanir rekstrarframlaga frá árinu 2018 og stefnir í um **30 mkr.** á árinu 2022.
- ✓ Kostnaður SAK við flugvélaleigu (sjúkraflug) hefur vaxið umtalsvert samhliða auknum fjölda sjúkrafluga allt frá árinu 2016 þegar hann var 13,2 mkr. Árið 2021 var kostnaðurinn 41,7 mkr og stefnir í að verða **45 mkr.** umfram fjárveitingar 2022.
- ✓ Kostnaður vegna M365 leyfisgjalda hefur aukist gífurlega frá árinu 2017. Leyfiskostnaður var 34 mkr. umfram fjárveitingar árið 2021 og stefnir í **67 mkr.** umfram fjárveitingar árið 2022.
- ✓ Í fjárveitingum ársins 2022 var gerð **47 mkr** aðhaldskrafa á stofnunina.

Mikilvægt er að koma á jafnvægi í rekstrargrunninum til að viðhalda þjónustu og bæta starfsumhverfi en brýnt er að leiðrétta uppsafnaðan rekstrarhalla sem stefnir í að vera 714 mkr. í árslok 2022 m.t.t. 200 mkr. fjárveitingar upp í hallann 2022. Þjónustupörfin vex áfram og mikilvægt að horfa til eftirfarandi þátta varðandi raunaukningu tengt þróun þjónustu næstu misserin:

- ✓ **Þróun þjónustu / almenn aukning á starfsemi** hefur verið í starfsemi bráðalegudeilda og stoðdeilda undanfarin ár m.a. vegna öldrun þjóðarinnar, aukinna meðferðarmöguleika og fleiri ferðamanna sem kallar á aukin aðföng, aukin stöðugildi og bætt húsnæði. Fjöldi ferðamanna sem þarfnast þjónustu eða innlagnar hefur nánast tvöfaldast frá því árið 2021.


Bregðast þarf við með auknum mannafla til að koma í veg fyrir aukavaktir (yfirvinnu) og álag sem leitt getur til veikinda og þar með aukins kostnaðar. Þróun stöðugilda hefur verið vaxandi undanfarið án þess að gert sé ráð fyrir því í fjárheimildum.

- ✓ **Þjónusta göngudeilda** hefur vaxið um 30% á sl. fimm árum og þjónar nú æ fleiri sjúklingahópum skv. vaxandi þörf í samfélaginu. Þjónusta við krabbameinsveika hefur hvað mest vaxið tengt auknum meðferðarmöguleikum. Brýn þörf er á að styrkja mönnun í dag- og göngudeildarþjónustu en með eflingu þjónustunnar má stytta biðtíma og draga úr innlögnum. Að öðrum kosti flyst hluti af þessari þjónustu annað með tilheyrandi óþægindum og kostnaði fyrir sjúklinga og samfélag.
- ✓ Bæta verður þjónustu við veika aldraða einstaklinga enda fer sá hópur ört stækkandi. Þörf er á **bráðaöldrunardeild** með a.m.k. 10 rýmum. Á sama tíma þarf að tryggja a.m.k. **4 líknarrými** innan SAK svo hægt verði að uppfylla aðgerðaáætlun stjórnvalda um líknarþjónustu á landsvísu.
- ✓ Til þess að viðhalda áætlunum um fjölda gerviliðaaðgerða og vaxandi þarfa í samfélaginu fyrir meiri fjölbreytni í skurðþjónustu þarf að **efla skurðstofuþjónustu**, bæta húsnæði og styrkja mönnun. Opna þarf fjórðu skurðstofuna og koma upp dagdeild skurðstofu til að auka skilvirkni.
- ✓ Ekki hefur enn verið gerður samningur við SAK varðandi læknisfræðilega þjónustu sjúkraflugs. Tryggja þarf mönnun og **styrkingu vaktlínu í sjúkraflugi**, ábyrgð á kaupum búnaðar og aðstöðu starfsmanna.
- ✓ Áframhaldandi þátttaka í **sérnámi fagstétta** en SAK er gert að taka þátt í sérnámi annarra fagstétta s.s. geðhjúkrunarfræðinga (2 x 80% stöður til tveggja ára án fjárframlags).

Viðurkenna þarf aukinn ferðakostnað stofnana fyrir utan höfuðborgarsvæðið en þar er mismunur á getu stofnana til þátttöku í sí- og endurmenntun auk þess sem greiða þarf miklar upphæðir fyrir flugferðir sérfræðinga sem sem búa utan Akureyrar en sinna þjónustu á SAK. Ríkið ætti að semja um bætt kjör stofnana utan höfuðborgarsvæðisins og/eða taka tillit til þessa í fjárlagafrumvarpi.

Leitað hefur verið allra leiða til að skera niður / hagræða með sérhæfðum aðgerðum en eftir hagræðingu tengt betri vinnutíma dagvinnufólks er sífellt erfiðara að hagræða frekar. Mikilvægt er að fá leiðréttan rekstrargrunninn, uppsafnaðan rekstrarhalla og í framhaldi af því tryggja eðlilega raunaukningu til að mæta klíniskri þjónustuþörf. Fáist rekstrargrunnur ekki leiðréttur og krafa verður gerð um að greiða upp rekstrarhalla sem og að vera innan fjárheimilda 2023 þá sjá stjórnendur ekki annað í stöðunni en að hætta með heilar klínískar þjónustueiningar og það yrði þá að vera stefnumarkandi ákvörðun stjórnvalda hvaða þjónusta það yrði.

Virðingarfyllst,



Hildigunnur Svavarsdóttir,
forstjóri SAK